

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

Ár 2017, föstudaginn 24. mars, var haldinn 161. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn á Grand hótél og hófst kl. 12.00. Viðstödd voru Dagur B. Eggertsson, Ármann Kr. Ólafsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Línal Haraldsson, Haraldur Sverrisson og Ásgerður Halldórsdóttir. Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri, og Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri. Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður. Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Ársreikningur SHS 2016
Samstæðureikningur SHS vegna ársins 2016 lagður fram til samþykktar.
Eftirfarandi lagt fram:
 - Ársreikningur SHS samstæðu 2016, dags. 24. mars 2017.
 - Endurskoðunarskýrsla KPMG vegna ársins 2016, dags. 27. febrúar 2017.
 - Minnisblað SHS; Ársreikningur SHS 2016, dags. 17. mars 2017.*Afgreiðsla:* Ársreikningur SHS 2016 samþykktur og undirritaður.
2. SHS fasteignir
Farið yfir framtíðarmöguleika á eignarhaldi SHS fasteigna.
Afgreiðsla: Ákveðið að leita eftir samþykki ríkisskattstjóra á því að SHS fasteignir ehf. verði óskattskyldur aðili. Jafnframt verði sótt um bindandi álit til ríkisskattstjóra og óskað eftir heimild til að sameina SHS fasteignir og SHS bs. án skattalegra afleiðinga. Slökkviliðsstjóra falið að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum SHS fasteigna og leggja þær undir hluthafafund.
3. Ársskýrsla sjúkraflutninga
Ársskýrsla sjúkraflutninga 2016 kynnt fyrir stjórn.
Eftirfarandi lagt fram:
 - Rekstrarskýrsla sjúkraflutninga 2016, dags. 1. mars 2017.*Afgreiðsla:* Kynning.
4. Útboð á ytri endurskoðunarþjónustu
Bókun endurskoðunarnefndar Reykjavíkur frá 13. mars varðandi gildistíma verksamnings Reykjavíkurborgar við KPMG vegna ytri endurskoðunar tekin til umfjöllunar.
Eftirfarandi lagt fram:
 - Útboð á ytri endurskoðunarþjónustu, dags. 14. mars 2017.*Afgreiðsla:* Stjórn samþykkir að taka þátt í fyrirhuguðu sameiginlegu útboði á ytri endurskoðunarþjónustu með Reykjavíkurborg og öðrum dótturfélögum innan samstæðu Reykjavíkurborgar. Niðurstaða útboðs verði tekin til afgreiðslu á fundi stjórnar þegar hún liggur fyrir.
5. Önnur mál
 - 5.1 Ákveðið að næsti fundur stjórnar verði miðvikudaginn 29. mars þar sem á dagskrá verður rekstarúttekt á SHS.
 - 5.2 Reglugerð um gististaði. Kynning.

Næsti fundur verður miðvikudaginn 29. mars 2017 kl. 11.30.

Fundi slitið klukkan 13.00

Dagur B. Eggertsson
Ásgerður Halldórsdóttir
Haraldur Sverrisson

Gunnar Einarsson
Ármann Kr. Ólafsson
Haraldur L. Haraldsson

Fylgiskjöl:

- Ársreikningur SHS samstæðu 2016, dags. 24. mars 2017.
- Endurskoðunarskýrsla KPMG v. ársins 2016, dags. 27. febrúar 2017.
- Minnisblað SHS; Ársreikningur SHS 2016, dags. 17. mars 2017.
- Rekstrarskýrsla sjúkraflutninga 2016, dags. 1. mars 2017.